

Orðanefnd læknafélaganna

Annar „netfundur“ orðanefndarinnar með Zoom-forriti var haldinn þann 15. febrúar 2021 kl. 17:00, en þetta var 83. fundur nefndarinnar frá árinu 2012. Fyrirhuguðum fundi þ. 8. febrúar hafði verið frestað vegna erfiðleika innan Zoom-forritsins með tengingu við netfundinn.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Magnús Jóhannsson, Runólfur Pálsson og Reynir Tómas Geirsson orðanefndarmenn og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar. Nýskipaður orðanefndarmaður, Gerður Aagot Árnadóttir, hafði tilkynnt um veikindaförföll.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 82. fundar, sem áður hafði verið send nefndarmönnum, var samþykkt án athugasemda.

2. Orðabókarvinnan:

Fyrir fundinum lágu þrjár orðalistar sem áður höfðu verið sendir til nefndarmanna.

Dissection. Borist hafði fyrirspurn um íslenskum á heitinu „dissecing aneurysm“. JHJ leitaði uppi og gerði lista, af því tilefni, með öllum færslum í Íðorðasafni lækna sem innihéldu enska orðhlutann „dissect“. Reyndust þær 8 talsins. Farið var yfir listann og ákveðið að nafnorðið „dissection“ yrði framvegis þýtt sem „flysjun“ í samræmi við alþjóðlegu sjúkdómaheitin ICD-10. Dissecting aneurysm yrði þannig „flysjugúlpur“. JHJ tók að sér að ganga frá listanum til birtingar í Íðorðabankanum

Menopause. Listi með heitum sem tengjast „menopause“ var lagður fram, en hafði áður komið til umræðu en verið frestað. Um er að ræða 7 færslur þar sem fyrir komu íslensku heitin: „tíðalok“, „tíðahvörf“ og „breytingaskeið“ Listinn var ítarlega ræddur og komu fram ýmsar skoðanir á heppilegustu íslensku heitunum og skilgreiningum fyrirbæranna. JHJ tók að sér að lagfæra listann til lokaumræðu á næsta fundi.

Smit og smitun. Listi með grunnheitunum: „infection“, „inoculation“, „transmission“, „infestation“, „parasitization“ og „contamination“ (um 20 heiti), var lagður fram til umræðu í framhaldi af síðasta fundi. Meginefnið var aðgreining á íslensku heitunum: sýking, smit, smitun, sáning og mengun og tilsvarende hugtökum. Margvísleg sjónarmið komu fram og var afgreiðslu frestað og ákveðið að JHJ hefði samband við sérfræðilækna á þessu sviði til álitsgjafar.

3. Önnur mál.

Stjórn Læknafélags Íslands hefur nú skipað Gerði Aagot Árnadóttur, heilsugæslulækni, í Orðanefnd L.Í. til þriggja ára og var þátttöku hennar fagnað. Eyjólfur Þ. Haraldssyni voru jafnframt þökkuð ómetanleg störf hans í þágu nefndarinnar.

4. Næsti fundur

Næsti orðanefndarfundur var ákveðinn mánudaginn 1. mars sem Zoom-fundur. JHJ mun undirbúa fundinn samkvæmt ofanrituðu og boða hann með tölvupóstskeytum.

(Fundinum var frestað til 8. mars og þá aftur frestað til 18. mars)

Fundi var slitið um kl. 17:40. Fundargerð ritaði JHJ.